

# RÍKISSAKSÓKNARI

## Fyrirmæli

Útgáfudagur:

27. mars 2020

Gildistaka:

27. mars 2020

RS: 4/2020  
sbr. RS:2/2019

**Efni: Brot gegn sóttvarnarlögum og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. 19. gr. sóttvarnalaga nr. 19/1997, vegna heimsfaraldurs COVID-19**

---

Vegna þeirra aðstæðna sem nú eru í samfélaginu vegna COVID-19 heimsfaraldursins og ákvarðana heilbrigðisráðherra um opinberar sóttvarnaráðstafanir í samræmi við sóttvarnalög nr. 19/1997, sbr. auglýsing nr. 243/2020 og reglur nr. 259/2020, hefur ríkissaksóknari ákveðið að gefa út sérstök fyrirmæli vegna brota á þeim reglum sem þar birtast og varða takmörkun á samkomum og sóttkví og einangrun vegna COVID-19.

Ríkissaksóknari óskar eftir að fá upplýsingar frá lögreglustjórum um afgreiðslur allra þeirra mála sem upp koma og varða ætluð brot á nefndum reglum til að tryggja yfirsýn og samræmi í afgreiðslum lögreglustjóra.

Ríkissaksóknari leggur á það áherslu að ákærendur meti hvert tilvik fyrir sig og ákvarði sektarfjárhæð með hliðsjón af alvarleika brots en ljóst er að brotin geta verið afar mismunandi og þar með mis alvarleg.

Þá er ljóst að í sumum tilvikum kann háttsemin að vera það alvarleg, einkum varðandi brot gegn reglum um einangrun, að háttsemin eigi undir ákvæði 175. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og því beri að ákæra fyrir brotið. Sem dæmi má nefna að sakborningur geri nokkurn hóp manna útsettan fyrir sýkingu eða sýki hóp manna af COVID-19 og enn alvarlegra ef um er að ræða að útsetja eða sýkja þá sem eru í sérstakri hættu vegna undirliggjandi sjúkdóma. Ef slíkt álitaefni kemur upp ber ákærendum að upplýsa ríkissaksóknara og héraðsaksóknara strax um málið en héraðsaksóknari fer með ákærvald vegna brota gegn 175. gr. almennra hegningarlaga.

**Brot gegn reglum heilbrigðisráðherra nr. 259/ 2020 um sóttkví og einangrun vegna COVID-19:**

**Brot gegn skyldu til að fara/vera í sóttkví, 3. gr.,**

Sekt ákvarðist eftir alvarleika brots kr. 50.000-250.000.

**Brot gegn skyldum þeirra sem eru í sóttkví, 4. gr.,**

Sekt ákvarðist eftir alvarleika brots kr. 50.000-250.000.

**Brot á reglum um einangrun, 1. og 2. mgr. 7. gr.,**

Sekt ákvarðist eftir alvarleika brots kr. 150.000-500.000.

Sektarheimild nær einungis til fyrsta brots.

**Brot gegn reglum skv. auglýsingu heilbrigðisráðherra nr. 243/2020 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar:**

**Brot á reglum um fjöldasamkomu – þ.e. fleiri en 20 koma saman, 3. gr.,**

Sekt einstaklings sem sækir samkomu kr. 50.000.

Sekt forsvarsmanns/skipuleggjanda sem stendur fyrir samkomu/opnun kr. 250.000-500.000.

Sektarheimild nær einungis til fyrsta brots forsvarsmanns/skipuleggjanda.

**Brot á reglum um lokun samkomustaða og starfsemi vegna sérstakrar smithættu, 5. gr.,**

Sekt ákvarðist eftir alvarleika brots kr. 100.000-500.000.

Sigríður J. Friðjónsdóttir

ríkissaksóknari